

Nd.

188. Frumvarp til laga

[176. mál]

um breyting á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

44. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir Lyfjaverslun ríkisins. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Landssambandi sjúkrahúsa, annar tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hinn þriðji er formaður, skipaður án tilnefningar.

2. gr.

Upphaf 45. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við gildistöku laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, hinn 1. janúar 1983, færðist yfirstjórn Lyfjaverslunar ríkisins frá fjármálaráðuneytinu yfir á heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Helgaðist þetta af því að um mikilvægan hlekk væri að ræða í þjónustu við heilbrigðisstofnanir.

Tengsl stofnunarinnar við fjármálaráðuneytið og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafa frá öndverðu verið mikil. Hefur komið í ljós að óráðlegt er að slíta þessi tengsl og að betur sé fyrir rekstrinum séð sé hann í tengslum við rekstur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Hefur því orðið að samkomulagi milli áðurnefndra ráðuneyta að yfirstjórn á rekstri stofnunarinnar færist aftur til fjármálaráðuneytis og að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilnefni einn mann í stjórn, þ. e. a. s. lögð eru til hlutverkaskipti milli þessara tveggja ráðuneyta.